

12. Hver á að ákveða?

Hvencær er maður „nógu gamall“?



Málafni	Fjölskyldan og aðrir umsjáraðilar, þátttaka
Þyngdarstig	Stig 2
Aldur	7–10 ára
Tími	45 mínútur
Hópstærð	4–24 börn
Tegund verkefnis	Ákvarðanatataka, umræður í litlum hópum
Yfirlit	Börnin svara spurningalista um hver eigi að taka ákvörðun hverju sinni. Þegar spurning hefur verið lögð fyrir börnin nota þau sérstakt litaspjald til að sýna hverju þau svara.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að fjalla um ákvarðanaferli innan fjölskyldunnar • Að ræða um þátttöku barna í fjölskyldulífinu • Að kynna hugmyndina um vaxandi þroska og getu
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Taktu til spurningar sem lesa skal upp • Búðu til spjaldasett fyrir hvert barn
Efniviður	• 1 x grænt, gult og appelsínugult spjald fyrir hvert barn

Leiðbeiningar

1. Segðu börnunum að velta fyrir sér í hvaða fötum þau eru og ræða við sessunaut sinn um hver ákvað hverju þau skyldu klæðast í dag. Var það mamma þeirra og/eða pabbi? Þau sjálf? Ákváðu foreldrarnir og barnið það í sameiningu? Segðu þeim að þetta verkefni gangi út á að taka ákvarðanir.
2. Láttu hvert barn fá spjaldasett (grænt, gult og appelsínugult spjald). Segðu þeim að þú ætlir að lesa upp lista yfir ákvarðanir sem þarf að taka, og að hverri spurningu lokinni munir þú spyrja hópinn hver eigi að taka ákvörðunina. Ef einhver telur að foreldri/ar eigi að taka ákvörðunina á hann/hún að lyfta upp græna spjaldinu. Ef þeim finnst að barnið eigi að ráða eiga þau að lyfta upp gula spjaldinu. Finnst þeim að barnið og foreldrarnir eiga að taka sameiginlega ákvörðun skulu þau lyfta upp appelsínugula spjaldinu.
3. Lestu upp spurningarnar, eina af annarri, og hafðu smáhlé á milli þeirra þar til allir í hópnum eru búnir að lyfta upp spjaldi. Segðu börnunum að líta í kringum sig og sjá hverju hinir í hópnum svöruðu að hverri spurningu lokinni. Sum barnanna langar líklega til að leggja eitthvað til málanna en segðu þeim að bíða með það: láttu engar umræður fara fram fyrr en í samantektinni.

Samantekt og mat

1. Farðu yfir verkefnið með spurningum á borð við eftirfarandi:
 - a. Hvernig fannst ykkur þetta verkefni?
 - b. Var erfitt að svara einhverjum spurningum? Hvers vegna?
 - c. Hverjum var auðvelt að svara og hverjar voru erfiðari? Hvers vegna?
 - d. Hvers vegna svara sumir öðruvísi en aðrir?
 - e. Er til rétt eða rangt svar við spurningunum?
 - f. Skiptir aldur barnanna máli varðandi ákvarðanatökur um þau sjálf? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
2. Notaðu orðalagið „vaxandi þroski“ og segðu þeim að það merki að börn fái að taka fleiri ákvarðanir



og bera meiri ábyrgð á sjálfum sér eftir því sem þau þroskast. Hægt er að vísa elstu börnunum á 5. og 14. grein Barnasáttmálans og fjalla nánar um þessa hugmynd við þau. Leggðu fyrir þau spurningar á borð við eftirfarandi um þátt þeirra sjálfra í ákvarðanatökum:

- a. Eruð þið með í að taka ákvarðanir innan fjölskyldunnar? Hvaða ákvarðanir er um að ræða?
 - b. Getið þið tekið ákvarðanir um einhver atriði alveg sjálf? Hvaða ákvarðanir er um að ræða?
 - c. Þurfið þið hjálp og leiðbeiningar frá foreldrum ykkar varðandi sumt sem taka þarf ákvarðanir um? Hvaða atriði er um að ræða?
 - d. Á hvern hátt getið þið fengið meiri leiðbeiningar frá foreldrum ykkar?
 - e. Er ykkur og foreldrum ykkar mikilvægt að vera virkir þátttakendur í fjölskyldulífinu? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
 - f. Á hvern hátt getið þið verið virkari í fjölskyldulífinu?
 - g. Eruð þið ánægð með hvernig ákvarðanir eru teknar innan fjölskyldunnar? Vilduð þið fá að taka þátt í einhverjum ákvörðunum sem þið komið ekki nálægt? Hvað gætuð þið gert til að hafa meira að segja um ákvarðanatökur?
3. Tengdu verkefnið mannréttindum með því að spyrja spurninga á borð við:
- a. Hvers vegna haldið þið að sum mannréttindi snúist um börn og fjölskyldur þeirra?
 - b. Hvers vegna haldið þið að hlutdeild í ákvarðanatökum sem varða eigið líf sé meðal mannréttinda allra barna.
 - c. Hverjir aðrir taka ákvarðanir um líf barna en þau sjálf og foreldrar þeirra? Hvers vegna skiptir það máli?

Tillögur um framhald

- Hægt væri að nota verkefnið „Við erum ein fjölskylda“, bls. 192, til að beina athyglinni að fjölskyldunni áður en hafist er handa við þetta verkefni.
- Í verkefninu „Stjórnarskráin okkar“, bls. 175, eiga börnin einnig hlutdeild að ákvarðanatökum og samkomulagi.

Hugmyndir um aðgerðir

- Segðu börnunum að þau eigi öll að gera áætlun með foreldrum sínum um það hvernig hver og einn í fjölskyldunni geti tekið meiri þátt í lífi hennar.
- Þjóddu foreldrum að koma og ræða við börnin um hvernig þeir líta á fjölskyldulífið, meðal annars hvernig þáttur þeirra í ákvarðanatökum um persónuleg mál barnanna breytist eftir því sem barnið/ börnin þroskast.

Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Erfitt getur verið fyrir einhver barnanna að svara sumum spurningum; þú ættir engu að síður að hvetja þau til að velja það spjald eða svar sem þeim finnst réttast.
- Þú verður að þekkja vel til fjölskylduaðstæðna þeirra barna sem þú starfar með. Sum þeirra búa kannski ekki hjá foreldri/foreldrum sínum heldur hjá forráðamanni. Ef svo er ættirðu að fjalla um forráðamenn á sama hátt og foreldra í þessu verkefni.
- Sum barnanna koma til með að vilja útskýra strax hvers vegna þau svöruðu einhverju á tiltekinn hátt, en í stað þess að ræða málin í kjölfar hvernar spurningar skaltu minna börnin á að þau fái tækifæri til að spjalla um verkefnið síðar.
- Þú gætir bedið börnin að teikna myndir á litaspjöldin áður en þú lest upp spurningarnar svo að þau muni hvaða svör kortin eiga að gefa. Að öðrum kosti geturðu skrifað það á spjald eða töflu fremst í stofunni til að minna þau á hvað litirnir tákna.



Breytingar

- Gera má verkefnið lengra og ítarlegra með því að láta börnin ræða um ákvarðanir sínar eftir hverja spurningalotu.
- Vegna eldri barnanna: segðu þeim að finna út til hvaða réttinda í Barnasáttmálanum spurningin vísar.
- Vegna eldri barnanna: Spyrðu þau hvaða mannréttindi verndi þátttöku barna og foreldra í fjölskyldulífi? Hvers vegna eru þessi réttindi mikilvæg?

SPURNINGAR SEM LESA SKAL UPP

Hver á að ákveða hvort þið getið verið ein heima þegar fjölskyldan fer í innkaupaleiðangur:

Þegar þið eruð 5 ára?

Þegar þið eruð 10 ára?

Þegar þið eruð 15 ára?

Hver á að ákveða hvort þið getið haft samband við báða foreldra ykkar eftir skilnað þeirra:

Þegar þið eruð 4 ára?

Þegar þið eruð 9 ára?

Þegar þið eruð 17 ára?

Hver á að ákveða hvort þið eigið að vera í regnfötum þegar þið farið út í rigningarveður:

Þegar þið eruð 3 ára?

Þegar þið eruð 9 ára?

Þegar þið eruð 14 ára?

Hver á að ákveða hvort þið eigið að vera á grænmetisfæði eða ekki:

Þegar þið eruð 4 ára?

Þegar þið eruð 8 ára?

Þegar þið eruð 13 ára?

Hver á að ákveða hvort þið megið reykja:

Þegar þið eruð 6 ára?

Þegar þið eruð 9 ára?

Þegar þið eruð 15 ára?

Hver á að ákveða hvort þið megið vera á fótum fram að miðnætti:

Þegar þið eruð 5 ára?

Þegar þið eruð 9 ára?

Þegar þið eruð 14 ára?



SPURNINGAR SEM LESA SKAL UPP

Hver á að ákveða hvort þið megið nota netið eftirlitslaust:

Þegar þið eruð 6 ára?

Þegar þið eruð 10 ára?

Þegar þið eruð 16 ára?

Hver á að ákveða hvort þið megið sjálf velja hvaða trúarbrögð þið ræktið:

Þegar þið eruð 5 ára?

Þegar þið eruð 9 ára?

Þegar þið eruð 13 ára?

Hver á að ákveða hvort þið megið hætta að mæta í skólann:

Þegar þið eruð 6 ára?

Þegar þið eruð 10 ára?

Þegar þið eruð 15 ára?

Hver á að ákveða hvort þið megið vera með í skólakórnum:

Þegar þið eruð 5 ára?

Þegar þið eruð 9 ára?

Þegar þið eruð 17 ára?

Hver á að ákveða hvort þið megið fá ykkar eigin farsíma:

Þegar þið eruð 4 ára?

Þegar þið eruð 8 ára?

Þegar þið eruð 14 ára?

Hver á að ákveða hvort þið verðið vistuð hjá fósturforeldrum:

Þegar þið eruð 4 ára?

Þegar þið eruð 10 ára?

Þegar þið eruð 16 ára?

